

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Hornafirði, 2. febrúar 2021  
nr. erindis 202009047 ÁEH

### Málefni: Ráðstöfun byggðakvóta til fiskiskipa í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Atvinnu- og ferðamálafulltrúar var falið að óska eftir breytingum á 4. gr. og 6. gr. reglugerðar 728/2020.

Ósk um breytingu á 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 728/2020 á þann veg að:

#### *4. gr.*

*Viðmiðanir um úthlutun aflamarks til einstakra fiskiskipa.*

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, **og skal 15% úthlutaðs byggðakvóta skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum talið á fiskveiðiarinu 2018/2019. Því sem eftir stendur af byggðakvóta skal skipt** hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafila í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

Ósk um breytingu á 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 728/2020 á þann veg að:

#### *6. gr.*

*Skilyrði um afhendingu byggðakvóta.*

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021. Skilyrði þess að afla teljist landað til vinnslu er að honum sé haldið aðskildum frá öðrum afla ásamt því að vera vigtaður og skráður sérstaklega við vigtun á hafnarvog. Aflinn skal nema, í þorskígildum

***talið, jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari, auk jafnmiklu magni á fiskmarkaði eða til vinnslu á Hornafirði.***

Rökin fyrir breytingartillögunum hér að ofan eru að þær teljast styrkja byggðarlagið með því að styðja við rekstrarumhverfi fjölbreyttrar útgerðar og tengdrar starfsemi í Sveitarfélaginu Hornafirði. Einnig hvetur það til nýliðunar í atvinnugreininni. Það felst ávinningur í því fyrir byggðalagið að landa hluta af afla vegna byggðakvóta til Fiskmarkaðs Hornafjarðar, t.d. styrkir það rekstur fiskmarkaðsins sem og seljandi fær hámarksverð fyrir aflann. Þar að auki getur fylgt því nokkuð hagræði fyrir vinnslulausar útgerðir að landa á fiskmarkað þar sem það býður upp á meiri sveigjanleika í löndunartíma heldur en stórri vinnslu er unnt að bjóða.

Virðingarfyllst

---

Árdís Erna Halldórsdóttir  
Atvinnu- og ferðamálafulltrúi  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar